



Snjóbræðsla við hvert heimili

Alengt er að frá dæmigerðu íslensku heimili renni á hverjum sólarhring 2.000 lítrar af 25-35° heitu vatni. Þrátt fyrir að vatnið hafi tapað miklu af varma sínum við að hita upp heimilið er það kjörið til að hita upp innkeyrsluna og stéttina við húsið.

Snjóbræðsla hefur marga kosti:

- Aðkoma og umgengni verður vistlegri og þægilegri
- Slysahætta minnkar
- Snjómokstur verður óþarfur
- Verðgildi eignarinnar eykst
- Orkan nýtist betur

Ágæt þumalputtaregla er að fyrir hverja 100 fermetra húsnæðis fellur til heitt vatn sem nægir til að anna 16 fermetra snjóbræðslu. Slíkt kerfi sem byggir eingöngu á affallsvatni er einfalt í uppsetningu og rekstri. Þeir sem vilja hita upp stærri plön eiga kost á að fá viðbótar heitt vatn inn á snjóbræðslukerfið með svokallaðri innspýtingu.

Að ýmsu er að hygga þegar koma skal upp snjóbræðslu:

Hönnun

Áður en framkvæmdir hefjast er mikilvægt að búið sé að ákvarða stað, stærð, gerð yfirborðs, legu röra og afkastagetu snjóbræðslunnar. Einnig þarf átta sig á því hvernig tengingu við húskerfið skal háttað og hvers konar stjórnbúnaður sé nauðsynlegur. Þá er mælt með að gerð sé áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Fyrir dæmigerða snjóbræðslu fyrir heimili er hægt að fá allar þessar upplýsingar hjá þeim pípulagningameistara sem vinnur verkið.

Jarðvegur undirbúinn

Í flestum tilfellum eru lóðir þannig frágengnar að ekki þarf að skipta sérstaklega út jarðvegi þegar leggja á snjóbræðslu. Þegar þess er þörf er grafið niður á 70 cm dýpi og þar fyllt upp í með mól og grús. Undirlaginu er svo þjappað vel.

Pípur lagðar

Vatnið sem kemur inn á kerfið (framrás) er heitara en það sem hefur runnið um kerfið (bakrás) og er á leið út úr því. Því gefur það jafnari varma að leggja pípurnar þannig að framrásarvatn og bakrásarvatn liggja hlið við hlið. Þá er mælt með því að ofan á rör séu 8–10 cm frá efsta yfirborði og að á milli röra séu 25 cm.

Yfirborð lagt

Þegar pípurnar eru komnar á sinn stað er eru þær huldar með sandi eða mól. Algengast er að helluleggja yfirborð snjóbræðslu við heimili. Þær leiða vel hita og hleypa vatni ofan í jarðveginn. Einnig er hægt að steypa eða malbika yfir snjóbræðsluna en vegna hættu á frostskegmdum er þá mælt með að notaður sé millihitari og hafður sé frostlögur á kerfinu.

Leitið til fagmanna þegar snjóbræðslukerfi er sett upp. Á vef Umhverfisráðuneytis www.umhverfisraduneyti.is/loggildingar/llisti má nálgast upplýsingar um löggilta pípulagningameistara á Íslandi.